

YFIRTÖKUTILBOÐ TIL HLUTHAFA Í FISKMARKAÐI ÍSLANDS HF.

Þann 24. mars 2006 eignaðist FMB ehf., 50,38% hlutfjár í Fiskmarkaði Íslands hf. Stærstu eigendur FMB ehf. eru: Páll Ingólfsson, Bárður Tryggvason, Sigríður Jóhannesdóttir, KG Fiskverkun ehf., Tryggvi Leifur Óttarsson, Hraðfrystihús Hellissands hf., Guðmundur Runólfsson hf. og Fannar Baldursson. Samtals eiga ofangreindir aðilar 68,98% í FMB ehf. Með kaupnum myndaðist yfirtökuskylda í samræmi við ákvæði VI. sbr VII. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 og hefur FMB ehf. birt tilboðsyfirlit, þar sem öllum hluthöfum í Fiskmarkaði Íslands hf. er boðið að selja hluti sína í félaginu, á grundvelli þeirra skilmála sem er að finna í tilboðsyfirlitinu.

MÓTTAKENDUR TILBOÐS

Hluthafar sem skráðir eru í hlutahafaskrá Fiskmarkaðar Íslands hf. í lok dags 24. apríl 2006 fá sent tilboðsyfirlit, samþykkiseyðublað, framsalseyðublað og svarsendingarumslag.

Einnig er hægt að nálgast framangreind gögn hjá VBS Fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík og á heimasíðu bankans www.vbs.is.

TILBOÐSVERÐ

Verð sem hluthöfum í Fiskmarkaði Íslands hf. er boðið fyrir hluti sína nemur kr. 7 á hvern hlut og samsvarar það verð hæsta verði sem FMB ehf. og tengdir aðilar hafa greitt fyrir hluti í Fiskmarkaði Íslands hf. síðastliðna 6 mánuði, eins og kveðið er á um í 40. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

GREIÐSLUSKILMÁLAR

Hlutirnir sem samþykkt verður að selja á grundvelli yfirtökutilboðs þessa, verða greiddir í formi reiðufjár í íslenskum krónum inn á bankareikning hluthafa sem tilgreindur skal á samþykkiseyðublaði. Hluthafar bera engan kostnað af samþykki yfirtökutilboðsins né framsali hluta af VS-reikningum þeirra. Greiðsla verður innt af hendi til hluthafa eigi síðar en 5 dögum eftir að tilboðstímabili lýkur, enda séu upplýsingar sem fram koma á samþykkiseyðublaði réttar og fullnægjandi.

VBS Fjárfestingarbanki hf. ábyrgist reiðufjargreiðslu FMB ehf. á yfirteknum hlutum, eins og nánar er kveðið á um í 40. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

TILBOÐSTÍMABIL

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá 29. apríl 2006 til kl. 16:00 þann 27. maí 2006. **Samþykki yfirtökutilboðsins verður að hafa borist VBS Fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, eigi síðar en kl. 16:00 þann 27. maí 2006, á þar til gerðu samþykkiseyðublaði.**

UMSJÓNARADILI

Umsjón með yfirtökutilboðinu hefur VBS Fjárfestingarbanki hf., kt. 621096-3039, Suðurlandsbraut 18, 105 Reykjavík, sími 570-1200, www.vbs.is.

